

Samþykki fyrir öflun og notkun fjárhagslegra upplýsinga

Ég undirritaður/undirrituð [NAFN, KENNITALA] veiti [NAFN LÁNVEITANDA, KENNITALA] fullt og ótakmarkað umboð f.h. [NAFN FÉLAGS, KENNITALA] til að kalla eftir upplýsingum frá kröfuhöfum sem eru þátttakendur í Skuldastöðukerfi Creditinfo Lánstrausts hf. og skilar yfirliti sem m.a. inniheldur upplýsingar um fjárskuldbindingar félagsins, þ.m.t. hvort um vanskil sé að ræða.

Ennfremur veitir umboð þetta [NAFN LÁNVEITANDA & KENNITALA] heimild til að sækja upplýsingar um eignastöðu félagsins, þ.e. fasteigna- og ökutækjaeign, í gagnagrunna Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar (fasteignaskrá) og Samgöngustofu (ökutækjaskrá) eða þess aðila sem á hverjum tíma telst ábyrgðaraðili umræddra upplýsinga skv. 6. tl. 1.mgr. 3 gr. laga nr. 90/2018.

Ég undirritaður/undirrituð samþykki og heimila f.h. félagsins að framangreindar upplýsingar verði nýttar og sóttar í tengslum við ákvörðunartöku um lánsviðskipti, sem og við eftirlit í tengslum við slík viðskipti enda hafi [NAFN LÁNVEITANDA & KENNITALA] lögvarða hagsmuni af notkun umræddra upplýsinga skv. 9. gr. laga nr. 90/2018.

Heimilt er að afturkalla samþykki þetta og skal slík afturköllun taka gildi þegar að [NAFN LÁNVEITANDA, KENNITALA] hefur sannanlega móttengið slíka afturköllun. Þá fellur samþykki þetta úr gildi þegar lánsviðskiptum aðila lýkur. Fram til þess tíma hefur [NAFN LÁNVEITANDA, KENNITALA] heimild til að sækja og nota þær upplýsingar sem samþykki þetta tekur til að fullnægðum þeim skilyrðum sem fram koma í samþykkisyfirlýsingu þessari.